

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það sem er til úthlutunar skal leita tilboða í tollkvóta.

Verði sótt um minna magn en auglýst er í hverjum tollkvóta, skal því magni sem umfram er bætt hlutfallslega við aðra tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 263/1996.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. september 1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. maí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ**um (3.) breytingu á reglugerð nr. 149/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.**

1. gr.

Verð- og magntollar sem tilgreindir eru í 2. gr. reglugerðarinnar vegna innflutnings á sveppum (0709.5100) breytast þannig að verðtollur verður 7,5% í stað 15% og magntollur 100 kr./kg í stað 200 kr./kg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi og gildir til 10. júní 1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. maí 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Ólafur Friðriksson.